Mánudaginn 6. júní 1983

Nr. 79/1982. **Bjarni Már Ragnarsson**
gegn
Kjartani Einarssyni og
Katrínu Ingólfsdóttur.

Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Er mál þetta kom fyrir á dómþingi 1. þ. m., óskaði áfrýjandi, að því yrði frestað til flutnings.

Stefndu kröfðust þess, að málinu yrði frestað til októbermánaðar. Jafnframt kröfðust þeir málskostnaðar úr hendi áfrýjanda.

Hin áfrýjaða dómsathöfn er dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 3. desember 1982. Málið var þingfest í Hæstarétti 2. maí 1983 sem gagnsök í hæstaréttarmálinu nr. 245/1982, sem áfrýjað var 17. desember 1982, en þingfest í Hæstarétti 2. febrúar 1983 og þá frestað til 1. júní 1983. Ekki varð þó af sameiningu málanna á því dómþingi, þar sem ágreiningur aðilja um frestun aðalsakarinnar var tekinn til úrskurðar, áður en mál þetta (gagnsökin) var tekin fyrir á dómþinginu.

Þar sem héraðsdómi hefur verið áfrýjað af hendi beggja aðilja, en hvorugur þeirra hefur lagt dómsgerðir bæjarþingsmálsins fyrir Hæstarétt eða látið gera ágrip dómskjala, sbr. 41. gr. laga nr. 75/1973, og aðalsök og gagnsök hafa enn eigi verið sameinaðar, sbr. 1. mgr. 19. gr. sömu laga, þykir rétt að veita hinn umbeðna frest.

Málskostnaður verður ekki dæmdur.

Á l y k t a r o r ð:

Hinn umbeðni frestur til 3. október 1983 er veittur.